

Reykjavík 2. september 2015

Hjá Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála er nú unnið að úttekt á verkefnum Betri Reykjavík og Betri hverfum. Stjórnkerfis- og lýðræðisráð mun nota niðurstöður úttektarinnar sem grunn að yfirferð og endurskoðun á þessum verkefnum. Upphaflega var gert ráð fyrir skilum á niðurstöðum í júní 2015 en þau hafa dregist. Árvisst ferli Betri hverfa hefur hingað til verið með þeim hætti að byrjað er að safna hugmyndum að hausti og kosið er milli þeirra snemma næsta ár. Nú er því svo komið að tími til að vinna úr niðurstöðum úttektar áður en Betri hverfi fara í gang er orðinn ansi knappur og því er lagt til að í stað þess að næsta hugmyndasöfnun fari af stað haustið 2015 verði það snemma árs 2016. Þá verður kosið um hugmyndirnar um haustið 2016. Eftirleiðis verði þá miðað við slíkt verklag á Betri hverfum. Erindreki gagnsæis og samráðs hefur borið þessa hugmynd undir þá aðila sem koma að verkefninu og fengið jákvæð viðbrögð við henni, enda hefur það verið upplifun fagteymis um Betri hverfi að núverandi tímarammi verkefnisins sé aðeins of þröngur og betra færi á því að hafa rýmri tíma fyrir hvern verkefnisfasa.